

Álitamál vegna yfirferðar á samþykktum. Kostir/gallar skv. umræðum laganeftdar.

Punktur vegna helstu álitaefna verða hér raktir.

Laganeftnd hefur fjallað um breytingar lögum SSA frá síðast liðnu vori. Laganeftnd átti fund með stjórn SSA þann 13. ágúst 2024 til að kynna helstu álitaefni og hlusta eftir áherslum stjórnar. Laganeftnd metur það svo að vilji stjórnar standi fyrst og fremst til að skýra ákvæði samþykktanna þannig að færri þættir í starfsemi sambandsins séu byggðir á venjum og hefðum, en að forskrift liggja fyrir um flesta þætti í sjálfum samþykktunum.

Laganeftnd tekur undir að skerpa má á ýmsum þáttum í samþykktunum og gera þær skýrari þeim sem kynna sér þær. Laganeftnd telur þó að sum atriði sé ekki ástæða til að binda í sjálfar samþykktirnar, svo sem skipan starfsneftnda á þingum eða milli þinga, en ef til vill megi þá skerpa betur á því hver tekur ákvörðun um skipan neftnda og hvenær það er gert.

Hér að neðan verður farið betur yfir einstök atriði sem komu til skoðunar laganeftndar, þ.m.t. sjónarmið um kosti, galla og forsögu núverandi ákvæða:

Fyrirkomulag kosningar í stjórn. Kosning eða tilnefning sveitarfélaga.

Til umræðu var t.d. hvort kjörneftnd ætti að stilla upp tillögu að stjórn sem fengi endanlega staðfestingu á aðalfundi eða haustþingi SSA eða hvort sveitarstjórnir tilneftdu fulltrúa í stjórn.

- Fyrirkomulag kjörneftnda má gagnrýna út frá skorti á gagnsæi og sýnt er að kjörneftndarfulltrúar geta haft mikil áhrif á endanlegt stjórnarkjör.
 - Kostir kjörneftnda eru þeir að þannig má tryggja best að stjórn sé skipuð fulltrúum af báðum kynjum, í samræmi við ákvæði jafnréttis laga og eins jafnvægi milli stjórn mála flokka.
 - Ef gert er ráð fyrir stjórnarkjöri á aðalfundi/haustþingi, sem síðan getur í raun varla farið fram vegna þess að þá verði ekki hægt að gæta jafnvægis milli sveitarfélaga, stjórn málafla eða kynja, má ætla að fulltrúar upplifi að lýðræðislegt vald sé fært úr þeirra höndum.
- Tilnefning sveitarstjórna tryggir lýðræðislegt forræði hvers sveitarfélags inn í stjórn SSA.
 - Í framkvæmd hefur verið byggt á forræði sveitarfélaga um val á stjórnarmönnum.
 - Í ljósi fjölda stjórnarmanna og íbúafjölda í sveitarfélögum ætti að vera hægt að stuðla að jafnvægi milli stjórn málafla og kynja.
 - Slíkt fyrirkomulag myndi þýða að skilgreina yrði nákvæmlega í samþykktum hvaða sveitarfélög tilnefta fulltrúa og eftir atvikum hversu marga.

Lengd kjörtímabils.

Rök með 4 ára tímabili eru að starf SSA geti verið strerkara ef stjórnarmenn sætu almennt a.m.k. 4 ár, og er þá horft til þess að varðveita reynslu og þekkingu af verkefnum sambandsins innan stjórnarinnar.

Til að tryggja sveitarfélögum og stjórnarfólki ákveðinn sveigjanleika má festa í samþykktir heimild sveitarfélags til að breyta tilnefningu, t.d. ef aðal- eða varamaður forfallast/hættir, eða ef meirihlutaskipti leiða til þess að sveitarstjórn vill endurskoða tilnefningu sína.

Laganeftnd telur því farsælast að lengja kjörtímabil stjórnar upp í 4 ár, en því fylgir svo að eðlilegt er að breyta hámarks setutíma í stjórn úr 6 árum samfleytt í 8 ár.

Eiga öll sveitarfélög SSA að eiga fulltrúa í stjórn. Fjöldi í stjórn.

Fram hefur komið beiðni frá Fljótsdalshreppi, sem fær nú að jafnaði ekki kjörinn fulltrúa í stjórn en tilnefnir áheyrnarfulltrúa, þar sem óskað er eftir breytingu á samþykktum í þá veru að öll sveitarfélög sem aðild eiga að SSA fái fulltrúa í stjórn.

Núverandi samþykktir gera ráð fyrir 5 stjórnarmönnum. Jafnframt er sveitarfélögum tryggður áheyrnarfulltrúi í stjórn. Þetta fyrirkomulag er ekki ýkja gamalt en var tekið upp í samhengi við fleiri breytingar á samþykktum.

Áður voru sveitarfélög með ákveðinn fjölda fulltrúa á aðalfundi eftir íbúafjölda. Því var breytt þannig að allir aðalmenn í sveitarstjórn fengu rétt til setu á aðalfundum, en atkvæðavægi ræðst af íbúafjölda hvers sveitarfélags. Með þessu var staða fámennari sveitarfélaga bætt að því leyti til að fulltrúum þeirra á fulltrúafundum fjölgaði verulega þó atkvæðavægi þeirra minnkaði nokkuð. Einnig þótti eðlilegt að allir kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum á svæðinu tækju virkan þátt í starfinu á fulltrúafundunum og umræðum um mál á þeim vettvangi. Sama sjónarmið réði því einnig að tekin var upp sú regla að sveitarfélög sem ekki fengju fulltrúa í stjórn fengju áheyrnarfulltrúa til að geta óhindrað tekið þátt í umræðum á þeim vettvangi og til að tryggja upplýsingaflæði innan úr stjórn SSA til viðkomandi sveitarstjórnar.

Samtímis þessum breytingum þótti eðlilegt að atkvæðavægi sveitarfélaga tæki meira tillit til íbúafjölda þeirra. Þannig færi líka betur saman fjárhagsleg ábyrgð og endanleg ákvarðanatataka á vettvangi sambandsins.

Fjöldi í stjórn og stjórnarskipan hefur tekið mið af breytingum á fjölda sveitarfélaga. Sveitarfélagaskipan nú, er orðin þannig að tvö sveitarfélög hafa um 5000 íbúa, eitt um 700 og eitt um 100. Eftir að sveitarfélögum innan SSA fækkaði var ákveðið að fella niður svæðaskiptingu í starfsemi sambandsins og fækka fulltrúum í stjórn, m.a. með hliðsjón af kostnaði en þó voru kjör stjórnar bætt nokkuð samhliða breytingunum, sem var til þess fallið að efla starf stjórnarinnar.

Laganefnd hefur skilning á þeim sjónarmiðum er varða jafnræði sveitarfélaga sem liggja að baki erindi Fljótsdalshrepps. Til þess er þó að líta að við síðustu breytingu á samþykktum var komið til móts við minni sveitarfélög varðandi aðkomu þeirra að stjórnun sambandsins. Laganefnd er einnig meðvituð um þau sjónarmið að það sé eðlilegt að stærð sveitarfélaga hafi eitthvað að segja varðandi aðkomu að stjórnun sambandsins.

Það er mat laganefndar að þegar horft er á núverandi stjórnunarfyrirkomulag í heild sé tekið ágætt tillit til beggja sjónarmiða. Laganefnd vill því ekki að svo stöddu leggja til breytingar á fjölda í stjórn eða í þá veru að öll sveitarfélög eigi fulltrúa í stjórn.

Í því sambandi verður að benda á að fá eða engin mál eru afgreidd með atkvæðagreiðslu í stjórn SSA. Vigt áheyrnarfulltrúa er nokkur, þótt hann komi ekki formlega að ályktunum stjórnar.

ATH. Ef vilji væri fyrir breytingu á gildandi fyrirkomulagi, þá væri e.t.v. hægt að hafa 6 manna stjórn, en ákveða að atkvæði formanns réði úrslitum, féllu atkvæði jöfn.

- Ókostur þess er að við það skapast ákveðið ójafnvægi milli stóru sveitarfélaganna tveggja innan stjórnar. .

Önnur útgáfa gæti verið sú að atkvæðavægi innan stjórnar verði miðað beint við íbúafjölda, líkt og atkvæðavægi á fulltrúafundum.

Ókostur við það kynni að vera ákveðið flækjustig við afgreiðslu mála innan stjórnar.

Nákvæm upptalning verkefna og nefnda

Samþykktir gera áfram ráð fyrir að stjórn skipi starfsnefndir. Ekki er tiltekið hvaða nefndir verður um að ræða. Í því felst í raun að stjórn hefur svigrúm til að ákveða hvaða nefndir starfa. Lítilsháttar orðalagsbreyting er gerð til þess að áréttu að stjórn beri að taka ákvörðun um hvaða nefndir, ef einhverjar, skulu starfa á boðuðum fulltrúafundum. Þá er einnig áréttuð að fulltrúafundir geta samþykkt að fela stjórn að skipa tilteknar nefndir sem starfi milli fulltrúafunda.

Önnur atriði

Laganefnd fékk ábendingu á stjórnarfundi SSA þess efnis að ef skipta ætti um fulltrúa í stjórn á miðju kjörtímabili sveitarstjórnar, líkt og dæmi eru um, þá gerði núverandi fyrirkomulag það að verkum að fyrri hluti kjörtímabils stjórnar SSA væri 1 og ½ ár en síðari hlutinn 2 og ½. Til að bregðast við þessu leggur laganefnd til að í stað þess að bíða með skipan nýrrar stjórnar til haustþings á kosningarári verði haldinn sérstakur aukaaðalfundur þar sem ný stjórn tekur við. Þannig verður líka undirbúningur fyrsta haustþings SSA eftir sveitarstjórnarkosningar í höndum nýrrar stjórnar.

Laganefnd leggur til nokkrar orðalagsbreytingar til að skýra betur tiltekna þætti samþykktanna og verður ekki farið nánar yfir þær hér, en þær koma fram í meðfylgjandi tillögum.